

Við getum ekki séð hvernig þær aðgerðir sem í þessu frumvarpi eru gætu á nokkurn hátt gagnast okkar fyrirtæki. Eftir eldgosið í janúar þar sem við misstum bæði heitt og kalt vatn, rafmagn og fráveitu neyddumst við til að láta frá okkur reksturinn og halda eftir fasteign sem gerir ekkert annað en að hrúga á sig rekstrarkostnaði.

Við vorum að framleiða íblöndunarefni fyrir rækju-og fiskvinnslur og flokkuðumst því sem matvælaframleiðsla. Við vorum með BRC vottun sem er skilyrði fyrir slíkri starfsemi. Það segir sig sjálf að án vatns, rafmagns og fráveitu eru ekki framleidd matvæli. Það eina sem getur viðhaldið viðskiptasamböndum hjá slíku fyrirtæki sem starfar í samkeppnisumhverfi er að geta staðið við pantanir þegar þær berast og ekki er hægt að stóla á velvild og þolinmæði viðskiptavina. Við hefðum viljað leigja húsnæðið til nýja eigandans en þar sem ástandið í bænum er vægast sagt ótryggt vegna stöðugra eldsumbrota, sem enn sér ekki fyrir endann á er það ekki möguleiki og í þessari stundu er verið að taka niður vélbúnað verksmiðjunnar til brottflutnings. Við sitjum eftir með svo til óskemmt hús sem ekki eru nein verkefni fyrir. Það eina sem getur hjálpað okkur er að hið opinbera kaupi af okkur húsnæðið og þannig að við getum hafið einhverja starfsemi annars staðar. Við óskum því eindregið eftir UPPKAUPUM á fasteign okkar í Grindavík.

Linda Sigurðardóttir
Ingvar Guðjónsson